



Samráðsgátt
Forsætisráðuneytið
Mál nr. 124/2023

Reykjavík, 28. júlí 2023

Efni: Áform um lagasetningu um að koma á fót innlendri smágreiðslulausn

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til áforma ráðuneytisins um lagasetningu um að koma á fót innlendri smágreiðslulausn sem þjóni þjóðaröryggi og stuðli að hagkvæmni fyrir neytendur.

Í áformunum segir í samráðsgátt að „Fyrirhugaðri lagasetningu er ætlað að tryggja að til verði skilvirk greiðslulausn innanlands, t.d. við kaup á vöru í smásölu, sem feli í sér að greiðslur berist milli tveggja innlánsreikninga. Þannig verði hægt að stunda dagleg viðskipti í verslunum til dæmis án þess að greiðslur fari fram fyrir milligöngu erlendra aðila, hvort sem notuð eru kredit-eða debetkort, eins og nú er. Slíkt er öryggismál ef brestur verður á tengingum við útlönd en ætti einnig að vera ódýrara fyrir neytandann.“ Einnig kemur fram að vegna þess hve málið er brýnt þyki ráðuneytinu rétt að undirbúa lagasetningu í því skyni að veita Seðlabankanum nauðsynlegar heimildir til að koma greiðslumiðlunarkerfi á laggirnar og sjá til þess að allir hlutaðeigandi taki þátt í því, þrátt fyrir að nú standi yfir viðræður Seðlabankans um mögulega samvinnu við innlánsstofnanir til þess að koma á fót umræddri greiðslulausn. Að mati samtakanna er mikilvægt að niðurstöður þeirrar vinnu liggi fyrir áður lög verða sett.

Eðli máls samkvæmt taka SFF undir það sem fram kemur í áformunum að þjóðaröryggi og fjármálastöðugleiki eru mikilvæg markmið. Á hitt er að líta að fyrir hendi er greiðslulausn tryggir að hægt er að inna af hendi greiðslur þrátt að samband við útlönd rofni af einni eða annarri ástæðu. Hér er um að ræða millfærslur í netbönkum sem nú eru í flestum tilvikum framkvæmdar í snjallsímum, auk að sjálfsögðu seðla og myntar. Samkvæmt um upplýsingum sem framkoma í skýrslu Seðlabanka um kostnað í smágreiðslumiðlun voru um 50 milljónir millifærslna framkvæmdar í milli bankareikninga á síðasta ári til samburðar við 150 milljónir færslna í kortakerfunum (kredit- og debetkort). Það er því ekki rétt að varaleið sé ekki til staðar þó hún sé ekki eins þjál og kortagreiðslur. Hugsanlega mætti gera endurbætur á millifærslukerfinu til þess að laga það að þörfum afgreiðslustaða og til þess að auka afkastagetu. Fyrsta skrefið áður en lengra er haldið ætti að vera að skoða slíkar endurbætur í stað þess að huga að nýrri greiðslulausn. Hægt er einnig að skoða frekari þróun á öðrum greiðslulausnum sem þegar hafa verið hannaðar, sumar hverjar í notkun en aðrar ekki. Hér má nefna lausn sem byggir á p2p með þægilegri leið til að innheimta kröfur og skipta greiðslum og BNPL lausnir sem eru nú að leysa aðrar þarfir en hægt væri e.t.v. að skoða frekari þróun á. Vert er einnig að nefna að RB á til greiðslulausn (Kvitt) sem var komin í prófanir í verslunum en greitt er með Bluetooth tækni. Sú lausn er sannanlega ekki jafn þægileg og kortagreiðslur en eigi að síður lausn sem er til staðar sem hægt yrði að skoða frekari þróun á. Ný innlend greiðslulausn þarf að vera bæði IOS og

Android. Í því sambandi ber að benda á að Apple blokkar NFC (merkið að baki kortalausri virkni) fyrir eingöngu Apple Pay appið sem er eingöngu kortaapp og því þarf Apple útgáfa af innlendra greiðsluleið því að nota aðra leið s.s. Bluetooth eða QR kóða sem, eins og fram hefur komið, ekki eins þjálur lausnir og NFC.

SFF vill benda á að eitt af þeim atriðum sem skortir rökstuðning á er hvernig lausnin eigi að ná alvöru útbreiðslu og vera meira en bara kostnaðarsöm varaleið með óljósri virkni og þekkingu viðeigandi aðila ef skyndilega verður þörf á notkun hennar vegna rofs á öðrum leiðum. Að mati SFF standa líkur til þess þessi leið nái ekki alvöru útbreiðslu og verði virk greiðsluleið. Norrænu leiðirnar náðu útbreiðslu þar sem skortur var á þægilegri lausn til að borga milli einstaklinga og þær eru fyrst og fremst notaðar í það í dag auk netverslunar, en lítið í verslunum. Mjög erfitt er að fá neytendur til að skipta þegar lausn sem þeim líkar er þegar til staðar líkt og kunnugt er.

Eins og fram kemur í áformunum á Seðlabankinn í viðræðum við innlánsstofnanir um að koma umræddri greiðslulausn á fót. Um er að ræða viðamikil verkefni sem felur í sér greiningu á kostum og göllum þess að setja á fót sameiginlega greiðslulausn innanlands. Þar vegast á ýmiss sjónarmið sem kanna þarf gaumgæfilega áður en gripið er til lagasetningar. Þeirri vinnu er ekki lokið en á þessu stigi málsins vilja SFF benda á eftirfarandi atriði sem hafa þarf í huga:

- Gert er ráð fyrir greiðsluþátttöku innlánsstofnana vegna smíði greiðslulausnarinnar. Ekkert kostnaðarmat liggur fyrir í áformunum og eru því ekki fyrirbyggjandi nægar upplýsingar til að samtökin geti tekið afstöðu þar að lútandi. Bent er á að gæta þarf meðalhófs í því hversu mikill kostnaður leggst á innlánsstofnanir í þessu skyni.
- Í áformunum segir að umrædd greiðslulausn ætti að vera ódýrari fyrir neytandann. Mikilvægt er að sú ályktun sé rökstudd með gögnum áður en hafist er handa við smíði slíkrar greiðslulausnar. Ótækt verður ef verkefnið leiðir til aukins kostnaðar í greiðslumiðlun. Þá er auk þess nauðsynlegt að það komi fram hvernig samfélagskostnaður er reiknaður út og röksemdir fyrir því hvernig hann á að lækka.
- Bent er á að sambærilegar innlendar greiðslulausnir sem komið hefur verið á laggirnar í nágrennalöndum, svo sem á Norðurlöndum, hafa ekki náð fullnægjandi útbreiðslu. Mikilvægt er að tryggja nægilega dreifingu slíkrar greiðslulausnar til að hagræðing geti náðst samhliða öryggisjónarmiðum. Engin greining liggur fyrir um að það hvort ný greiðslulausn gæti náð útbreiðslu hér á landi. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að þessar lausnir voru fyrst og fremst hugsaðar til að leysa vanda með rauntímamillifærslur milli einstaklinga í heimalöndunum þar sem bankarnir í þessum löndum réðu ekki við rauntímamillifærslur. Á Íslandi eru rauntímafærslur ekki vandamál og þykir landið til fyrirmyndar í þeim efnum.
- Huga þarf sérstaklega að samkeppnislegum áhrifum samstarfs fyrirtækja við lagasetningu um innlenda greiðslulausn og frekari vinnu við slíka lausn. Þá þarf að meta hvort nauðsynlegt er að lögfesta sérstaka undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga ef

til þess kemur að sameiginleg greiðslulausn verði að veruleika.

- Skoða þarf gaumgæfilega heimildir löggjafans til að takmarka greiðslumáta hér á landi við nýja innlenda greiðslulausn. Þar er fyrst til þess að líta að lögin þurfa að vera í samræmi við skuldbindingar íslenskra stjórnvalda samkvæmt EES-samningnum. Þar mun væntanlega helst reyna á ákvæði 3. kafla III. hluta samningsins um frjálsa þjónustustarfsemi og 4. kafla um frjálsa fjármagnsflutninga en nánari athugun á slíku samræmi getur eðli máls samkvæmt ekki átt sér stað fyrr en umrætt frumvarp hefur verið lagt fram. Jafnframt þurfa ákvæði frumvarpsins að standast ítarleg ákvæði EES-samningsins um bann við hvers konar mismunun, þá sérstaklega ef slík útfærsla felur í sér höft á fjármagnsflutninga milli landa. Einnig þarf fyrrgreind lagasetning að vera í samræmi við PSD2-tilskipunina (síðari tilskipanir sem fyrirhugaðar eru) og lög nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu. Í ljósi þess að margt er á reiki um efnislegt inntak frumvarpsins sem unnið er að geta samtökin ekki tekið frekari afstöðu til málsins að svo stöddu.
- Í skjalinu „Áform um lagasetningu“ er þess getið í 1. lið C að þróun á greiðslumiðlun hafi verið hæg og eru ástæður þess sagðar vera vegna hindrana í regluverkinu og kostnaðar við þróun á innviðum, einkum á litlum markaði eins og Íslandi. Í framhaldi af því er nefnt að þeim grunninni sem stefnt er að koma á fót sé ætlað að koma til móts við þetta og vera miðlæg gátt með sameiginlegri auðkenningu (SCA). Með þeim hætti verður aðgangspröskuldur greiðsluþjónustuveitanda að rafrænni smágreiðslumiðlun lægri og þar með stuðlað að aukinni samkeppni og dregið úr kostnaði neytenda. Vert er að benda hér á að ábyrgð á framkvæmd hinnar sameiginlegrar auðkenningar verður að vera skýr og eiga sér stoð í lögum. Ekki er vitað til þess að búin hafi verið til sambærileg sameiginleg auðkenning í öðrum Evrópuríkjum eða að ábyrgð á slíkri auðkenningu hafi verið framseld til þriðja aðila. Að mati SFF verður því að fara varlega í allar slíkar lausnir og heildaráhættumat liggi fyrir áður en fyrirhuguð lagasetning fer fram.

SFF óska eftir að náið samstarf verði haft við SFF og aðra hagaðila áður en frumvarpsdrögin verða lögð fram.

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

Yngvi Örn Kristinsson

sff.

Samtök
fjármálafyrirtækja

